



#### 4. Fundargerð Afréttamálafélags Gnúpverja

Steinsholti, 27. október 2022

Kl. 20:30

##### Mætt til fundar:

Gylfi Sigríðarson, Arnór Hans Þrándarson og Helga Høeg Sigurðardóttir

Fundargerð ritaði Helga

- Tilkynningar:
  - Vegagerðin búin að taka út veginn og samþykkja framkvæmdina frá því í sumar.
- Aðalefni fundarins í kvöld er að vinna í framkvæmdar- og fjárhagsáætlun.
  - Arnór heyrði í Sigurði Unnari og ræddi Gljúfurleit. Spurning um að ráða hann til að gera kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdir í Gljúfurleit og Bjarnalækjabetnum.
  - Þurfum að funda með afréttamálanefnd Flóa- og Skeiða vegna framkvæmda í Bjarnalækjabetnum
  - Viðhald á réttum þarf að komast á fjárhagsáætlun
- Spurning að loka Gljúfurleit næsta sumar og klára það sem á að gera á einu bretti
  - að breyta hesthúsinu í svefnrymi
  - breyta eldhúsinu
  - rífa innan úr öllu húsinu og klæða það með panel
  - setja upp bragga
  - setja upp vatnasklósettin úti
- Þurfum að fá fund með sveitarstjóra,
  - setja hann inn í það sem við erum að hugsa með tilliti til framkvæmda
  - fá samþykki til að ráða Sigurð Unnar
  - að fá sveitastjóra til að ræða við skógræktina um að laga girðinguna við Reykholt
  - að ræða viðhald á réttum
  - biðja sveitastjóra að sækja til vegagerðarinnar að láta laga safngirðinguna meðfram veginum
- Skoðum bragga inná vefsíðu Hýsi, okkur líst vel á bragga sem er 5x9x3,15. Leggjum til forsteypta sökkla, sem væri hægt að steypa í byggð í sjálfboðavinnu. Gylfi ætlar að senda tölvupóst og fá tilboð í svona bragga.
  - Ræðum staðsetningu og vindáttir.
- Þurfum að sækja klósetthúsið inn að Stöng, Arnór heyrir í Strá ehf.
- Gylfi heyrir í Ara Thor uppá að boða Afréttamálafélag Flóa- og Skeiða á fund með okkur og ræða Bjarnalækjabetna.
- Það á að fara að gera deiliskipulag í Hólaskógi, þurfum að vera með í þeirri vinnu og koma nýjum fjallmannakofa inn á deiliskipulagið.

GS

AKB

AS



- Hugmyndir sem fram komu á fundinum
  - Sandleit – þarf að leggja hana af?
  - Banna að keyra fé innar á afréttinn en eitthvað ákveðið?
  - Þurfum við að breyta fjallskilum, færa ábyrgðina á bændur? Að bændur skaffi sjálfir fjölda smala miðað við fjárfjölda.
  - Hafa sameiginlegan afrétt Flóa-Skeiða og Gnúpverja?
  - Framtíð réttanna. Rekstrarréttir?
- Umræða spannst um þessa punkta og ákveðið var að halda þurfi fund með fjárræktarfélaginu og taka umræðu þar – boða sauðfjárþændur í Gnúpverjahreppi á þann fund.
- Einnig var ákveðið að hafa samband við vini Skaftholtsréttta. Helga heyrir í Lilju Loftsdóttur.

Fundi slitið kl. 22.40

Gylfi Sægn Jónsson

Arnór Hann Þrándarson

Helga Hregg Sigurðardóttir